

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 154/1993. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Friðriki Alexanderssyni**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Líkamsárás. Sönnun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Máli þessu er áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1993. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu og að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 302.650 krónur. Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin.

Samkvæmt gögnum málsins komu ákærði og Ingvar Jónsson tvisvar við sögu í átökum, sem áttu sér stað í miðbæ Keflavíkur aðfaranótt 26. október 1991. Ingvar Jónsson fullyrðir, að í fyrra skiptið hafi ákærði slegið sig í andlitið og valdið þeim áverka, sem frá greinir í héraðsdómi. Ákærði hefur staðfastlega synjað fyrir þetta, en fullyrðir jafnframt, að hann hafi slegið Jón Björgvin Stefánsson í andlitið, en hann var í fylgd með Ingvari. Því neitar Jón Björgvin. Hann kveðst hins vegar hafa orðið sjónarvottur að því, að ákærði gekk að Ingvari og sló hann í andlitið. Sigtryggur Ólafsson, sem þarna var nærstaddur, kveðst ekki hafa séð ákærða slá Ingvar í andlitið. Ákærði kveður Ingvar Jónsson, Jón Björgvin Stefánsson og Sigurð Val Árnason hafa ráðist á sig nokkru síðar, og í þeim átökum hafi Ingvar „skallað“ sig tvisvar. Ingvar Jónsson synjar alveg fyrir það, en Jón Björgvin Stefánsson kveðst hafa séð Ingvar „skalla“ ákærða einu sinni.

Með vísan til þessa og atvika málsins að öðru leyti, sem eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi, er ekki leitt í ljós, svo að óyggjandi sé, að ákærði hafi valdið Ingvari Jónssyni umræddum meiðslum. Ber því að sýkna hann af kröfum ákærvalds í málinu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði svo og áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Alexandersson, á að vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði svo og allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

#### Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. janúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 4. júní 1992, gegn Friðriki Alexanderssyni, Heiðar-garði 2, Keflavík, kt. 231072-5789, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 26. október 1991 í Hafnargötu í Keflavík slegið Ingvar Jónsson, fæddan 19. júlí 1973, fæðingarnr. 302, högg í andlit með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

— — —

#### *Málavextir.*

Hinn 19. nóvember 1991 kærði Ingvar Jónsson nemi, Blikabraut 5, Keflavík, kt. 190773-3029, Friðrik Alexandersson til rannsóknarlögreglu fyrir líkamsárás, sem hann varð fyrir af hans hálfu aðfaranótt laugardagsins 26. október sama ár.

Í skýrslu, sem tekin var af Ingvari hjá rannsóknarlögreglunni og hann hefur staðfest fyrir dómnum, skýrir hann svo frá, að hann hafi verið á gangi eftir Hafnargötu þessa umræddu nótt ásamt Jóni Björgvin Stefánsyni. Hann kveður þá hafa verið frekar fyrirferðarmikla, kallandi á stelpur og með ærslagang. Hafi þeir verið búnir að neyta áfengis fyrr um kvöldið. Kveðst hann hafa lent í orðaskaki við einhvern strák, sem hann þekkti ekki, og hafi þeir verið farnir að ýta hvor við öðrum, þegar Friðrik Alexandersson hafi komið þarna að og slegið sig fyrirvaralaust í andlitið. Kveðst hann

hafa vankast við höggið, en um leið og hann hafði náð áttum á nýjan leik, hafi hann ráðist á Friðrik. Hafi þeir ást við stundarkorn, en þau áflog síðan fjarað út.

Kveðst hann hafa verið mjög bólginn í andliti, þegar hann vaknaði daginn eftir. En er bólgan hjaðnaði ekki í rúmar tvær vikur, hafi sér fundist eitthvað óeðlilegt við nefið á sér og í framhaldi af því ákveðið að leita læknis.

Stefán Eggertsson, háls-, nef- og eyrnalæknir á Heilsugæslustöð Suðurnesja, lýsir meðslum Ingvars Jónssonar þannig í áverkavottorði, dagsettu 15. nóvember 1991:

„Ofangreindur kom til mín 11. 11. 1991. Kvaðst hann rúmunum þremur vikum áður hafa staðið í orðaskaki við einhvern náunga, þegar vinur þess síðarnefnda rétti honum hnefahögg í andlitið. Ingvar kveðst hafa bólgnað nokkuð upp kringum hægra auga og rispast á hægri kinn, jafnframt því sem hann bólgnaði töluvert yfir nefbeini. Hann taldi því áverkann þess eðlis, að ekki þyrfti að leita læknisaðstoðar. Það var því ekki fyrir en bólgan var runnin af andliti og nefbeini, að hann uppgötvaði, að nefbeinið hafði tekið ákveðnum breytingum. Auk þessa kveðst hann finna fyrir nokkurri stíflutilfinningu í vinstri nös.

Við skoðun sjást greinileg ummerki eftir áverka á nefbein, sem er innkýlt og með nokkurri hliðrun yfir til hægri. Auk þessa er vinstri nös allmiklu þrengri en hægra megin. Ingvar fær upplýsingar um, að allt of langt sé liðið, til að hægt sé að gera eitthvað í þessu; hins vegar staðfestir maður hér með, að nefbein hefur greinilega brotnað og hliðrast til. Þetta gæti hafa gerst við þær aðstæður, sem sjúklingur lýsir, og að hann mun hafa af þessu varanleg lýti.“

Ákærði, Friðrik Alexandersson, Heiðargarði 2, Keflavík, kt. 231072-5789, var yfirheyrdur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 4. febrúar 1992, en þá skýrslu hefur hann staðfest fyrir dóminum. Kvaðst ákærði muna vel eftir umræddri nótt. Hafi hann framan af nóttu verið ódrukkinn og að aka vinum sínum. Kveðst hann hafa komið akandi niður í bæ og lagt bifreiðinni fyrir framan verslunina Bústoð í Tjarnargötu og gengið upp Hafnargötu. Hafi þeir Heiðar Þórhallsson, Hátúni 11, Keflavík, Vilhjálmur Vagn, frá Njarðvík, og Guðmundur Ingi Einarsson, Heiðarbóli 5, Keflavík, verið farþegar hjá sér, og hafi þeir gengið með sér upp Hafnargötu. Ákærði kveðst hafa veitt því athygli, að Ingvar Jónsson og strákur að nafni Sigtryggur hafi verið að kljást á móts við verslunina Stapafell. Hjá þeim hafa staðið Jón Björgvin Stefánsson. Kveðst hann hafa gengið á milli Ingvars og Sigtryggs. Hafi Jón Björgvin þá komið að sér, og kveðst hann þá hafa slegið Jón í andlit. Þessu hafi síðan slotað eftir stutt rífrildi. Ákærði kveður Ingvar hafa ásamt Jóni Björvin og Sigurði Val Árnasyni

ráðist á sig nokkrum mínútum síðar. Hafi Ingvar m. a. í þeim átökum skallað sig tvisvar. Átökin leystust síðan upp. Kveðst hann hafa hlotið smávægilega áverka af þessu síðari átökum. Ákærði kveðst hafa fengið bóta-kröfu frá Ingvari. Kveðst hann ekki hafa neitt um hana að segja annað en það, að hann hafi aldrei slegið Ingvar í andlit.

Fyrir dómi 13. janúar 1993 hefur ákærði staðfest framburð sinn hjá lög- reglu og ítrekað, að hann hafi hvorki fyrr né síðar slegið Ingvar. Lýsir ákærði fyrri atburðinum á sama veg og í lögregluskýrslu. Kveður hann ástæðu þess, að hann hafi slegið Jón Björgvin, vera þá, að sér hafi sýnst hann ætla að ráðast á sig. Aðspurður kveðst hann þekkja kæranda og Jón Björgvin í sundur og vera viss um að hafa slegið Jón Björgvin, en ekki kæranda. Um þessa tvo atburði kveður hann í mesta lagi hálf tíma hafa liðið milli þeirra. Kveðst hann ekki viss um, að Jón Björgvin hafi verið þriðji árásaradilinn í síðari átökunum. Kveðst hann hafa ætlað að svara fyrir sig eftir skallann, en vinir kæranda sagt sér að láta það ógert, því að ella myndu þeir lumbra á sér enn frekar. Hafi hann þá tekið í hönd kæranda að tilmælum Sigurðar Vals og þá skilið sátta, og aðspurður kveðst hann ekki hafa séð neina áverka á kæranda, eftir að síðari átökunum lauk. Aðspurður kann hann ekki aðra skýringu á misræmi því, sem er í fram- burði sínum annars vegar og kæranda og Jón Björgvins Stefánssonar hins vegar, en þá, að þeir fari með rangt mál. Ákærði kveðst vera 168 cm á hæð.

Kærandi, Ingvar Jónsson, kt. 190773-3029, kom fyrir dóm 13. janúar 1993. Kveður hann engan vafa vera í huga sér um, að ákærði, Friðrik Alexandersson, hafi slegið sig umrædda nótt. Kveðst hann hafa verið að deila við strák, sem hann þekkti ekki þá, en viti nú, að heitir Sigtryggur. Hefði hann snúið að honum, þegar hann sá ákærða koma aftan að stráknum, hægra megin við hann, og veita sér höggið beint í andlitið. Enginn stóð á milli þeirra, þegar höggið kom. Telur hann, að Jón Björgvin hafi staðið um það bil tvo metra frá sér. Kveðst kærandi ekki hafa lent í átökum við neinn annan en ákærða þessa nótt. Kveðst hann hafa vaðið í ákærða, um leið og hann hafi verið búinn að jafna sig af högginu, og þau áflog síðan endað með því, að hann hafi boðið ákærða höndina til sátta. Kveðst vitnið ekki hafa fengið nein högg á sig í síðari átökunum, en viðurkennir að hafa veitt ákærða einhverja áverka. Segist hann hins vegar ekki hafa skallað hann, en hins vegar gæti verið, að þeir hafi skolið saman, en er viss um, að andlitið á sér hafi ekki skolið á ákærða. Aðspurt kveður vitnið hæð sína vera 181 cm. Kveður vitnið Jón Björgvin ekki hafa tekið þátt í síðari atlögunni. Segir hann ástæðu þess, að hann hafi ekki getið um síðari átökin í lögregluskýrslu, vera þá, að lögreglan hafi tjáð sér, að um tvo aðskilda atburði væri að ræða, og þyrfti ekki að geta síðari atburðarins í lögregluskýrslu varðandi kæru þessa. Aðspurður kveðst hann

hafa talað við lögmann, áður en hann lagði fram kæru, en telur það samtali ekki vera ástæðu kæru, heldur sé sú ástæða ein, að hann sjái ekki neitt tilefni fyrir högginu frá ákærða. Hann hafi ekki á einn eða neinn hátt gefið ákærða tilefni til þess. Aðspurður kveðst hann ekki hafa beðið Jón Björgvin að koma með sér á lögreglustöðina. Ástæðu þess, að hann fer rangt með dagsetningar í samtali við lækni, kveður hann vera, að hann hafi þá ekki alveg munað dagsetningarnar.

Vitnið Jón Björgvin Stefánsson, Óðinsvöllum 8, Keflavík, kt. 100673-4799, kom fyrir dóm 13. janúar 1993 og gaf skýrslu. Staðfesti hann þar skýrslu, sem hann gaf hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 19. nóvember 1991. Hann kveðst hafa verið á gangi eftir Hafnargötu í Keflavík aðfaranótt 26. október ásamt kæranda, Ingvari Jónssyni. Hafi þeir báðir neytt áfengis fyrr um kvöldið, en þó ekki verið ölvaðir. Kveður hann talsverðan fyrirgang hafa verið í þeim, þegar einhver strákur vatt sér að kæranda og fór að rifast við hann. Kveður hann þá síðan hafa farið að ýta hvorn við öðrum, og hafi hann þá gengið á milli og beðið þá að láta ekki svona. Róuðust þeir þá, og kveðst hann þá hafa gengið frá þeim. Veitti hann því þá athygli, að ákærði, Friðrik Alexandersson, sem hafði engan hlut átt að rifrildi kæranda og stráksins, gekk að kæranda og sló hann í andlit. Hann kvað engan vafa leika á því, að Friðrik sló Ingvar. Virtist vitninu, að kærandi hefði eitthvað vankast við höggið, og gæti verið, að hann hefði eitthvað fálmað til ákærða, en minnst ekki, að komið hafi til áfloga á milli þeirra þá. Kærandi hafi fljótlega verið tekinn upp í bíl. Aðspurður kveður hann ákærða aldrei hafa slegið sig. Kveðst vitnið ekki geta sagt til um það með neinni vissu, hvort ákærði þekkti sig, en kveðst sjálfur hafa vitað, hver ákærði er.

Um það bil hálf tíma síðar kom kærandi út úr einhverjum bíl og réðst á ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst vel með þeim átökum, en sá þó, að kærandi skallaði ákærða einu sinni. Telur vitnið, að þessum deilum hafi lokið með rifrildi, sem fjaraði síðan út. Aðspurður kveður hann, að kærandi hafi beðið sig að bera vitni í málinu; ekki hafi þeir þó rætt atburðinn neitt sérstaklega. Man vitnið ekki eftir, að neitt sérstaklega hafi séð áverka á kæranda umrædda nótt, en hann hafi frétt af því daginn eftir.

Vitnið Sigtryggur Ólafsson, Holtsgötu 9, Sandgerði, kt. 030771-4279, kom fyrir dóm 13. janúar 1993 og gaf skýrslu. Kvaðst hann ekki muna atvik nægjanlega vel til þess að geta staðfest, að rétt sé haft eftir sér í lög-regluskýrslu, sem var tekin 11. maí 1992, en kveðst þó ekki vefengja, að rétt sé eftir sér haft á þeim tíma. Í þeirri skýrslu kemur fram, að vitnið og kærandi, Ingvar, hafi verið að rifast aðfaranótt 26. október. Hafi þá komið að þeim ákærði, Friðrik, og byrjað að rifast við kæranda. Hann kveður þá síðan hafa lent í einhverjum handalögmálum, en að einhverjir

strákar hafi strax skilið þá að. Vitnið sá ákærða ekki slá kæranda þessa nótt. Kvaðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt. Minnst vitnið þess ekki, að þetta hafi verið neitt mál í sínum huga. Fyrir dóminum hefur vitnið greint svo frá, að það muni frekar illa eftir atburðum þessa nótt, og telur, að upprifjun málsins af hálfu lögreglu, þegar hann gaf skýrsluna, kunni að hafa haft áhrif á vitnisburðinn. Í skýrslunni segist hann hafa séð ákærða og kæranda lenda í handalögmálum, en fyrir dóminum kveðst hann ekki muna það nákvæmlega.

Vitnið Heiðar Þórhallsson, Hátúni 11, Keflavík, kt. 210670-5649, kom fyrir dóm 13. janúar 1993 og gaf skýrslu. Staðfesti hann þar skýrslu, sem hann gaf hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 11. mars 1992. Kveðst hann hafa verið farþegi í bíl ákærða, Friðriks Alexanderssonar, umrædda nótt. Þar hafi einnig verið ákærði, Vilhjálmur Vagn Steinarsson og Guðmundur Ingi Einarsson. Fyrir dómi hefur hann borið vitni um, að mögulegt gæti verið, að ákærði hafi ekið. Vitnið kveður farþegana hafa verið að drekka áfengi. Hann kveður þá hafa lagt bílnum í Tjarnargötu, en hann og Vilhjálmur hafi gengið niður í fjöru, og hafi ákærði á meðan lent í einhverjum átökum. Kveðst hann ekki hafa orðið vitni að fyrri atburðinum, en þegar þeir hafi komið upp úr fjörunni, sá hann, hvar þrír strákar, kærandi, Ingvar Jónsson, Sigurður Valur Árnason og strákur, sem hann veit, að kallaður er Nonni, voru að ráðast á ákærða. Fyrir dómi hefur hann greint svo frá, að hann hafi ekki séð nein átök í það skiptið milli ákærða og kæranda, heldur hafi hann komið að, eftir að ákærði hafi verið sleginn í götuna. Kveðst hann vera viss um, að Nonni hafi tekið þátt í þessum síðari átökum. Í lögregluskýrslu segir vitnið, að það hafi séð ákærða slá Nonna, en fyrir dómi kveðst vitnið hafa séð ákærða slá til Nonna, en veit ekki, hvort hann hitti. Ítrekar hann, að hann hafi ekki orðið vitni að handalögmálum ákærða og kæranda.

Vitnið Sigurjón Eliasson, Birkiteigi 25, Keflavík, kt. 010377-4209, kom fyrir dóm 13. janúar 1993 og gaf skýrslu. Kveðst hann hafa verið staddur í Hafnargötu í Keflavík aðfaranótt 26. október, og hafi þar verið talsvert af fólki á ferli. Vitnið kveðst ekki geta vitnað um það atvik, þegar ákærði, Friðrik Alexandersson, á að hafa slegið kæranda, Ingvar Jónsson, þar sem hann hefði ekki séð þann atburð. Aftur á móti varð hann vitni að síðari átökunum, þar sem kærandi, Sigurður Valur Árnason, og strákur að nafni Garðar réðust allir á ákærða. Vitnið segir ákærða hafa fallið í götuna og einhver síðan sparkað í hann. Mikill mannfjöldi hópaðist að, og þróuðust átökin út í rifrildi, sem gufuðu síðan upp. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða slá nokkurn mann þessa nótt, en kveðst hafa heyrt, að hann hafi verið í átökum fyrr þessa sömu nótt. Aðspurður kveðst hann ekki hafa séð kæranda skalla ákærða. Staðfesti hann skýrslu, sem hann gaf hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 11. mars 1992.

*Niðurstaða.*

Þegar allt er virt, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja sannað, að kærandi hafi hlotið meiðsl þau, er greinir í áverkavottorði frá 15. nóvember 1991, af völdum hnefahöggs frá ákærða í máli þessu. Telja verður þetta sannað þrátt fyrir eindregna neitun ákærða. Ákærði viðurkennir að hafa slegið frá sér í tengslum við greindan atburð, en er ekki viss um að hafa slegið vitnið Jón Björgvin. Jón Björgvin hefur neitað því staðfastlega, en er hins vegar fullviss um, að ákærði hafi slegið kæranda í andlitið í umrætt skipti. Þegar tekið er tillit til þess, að ákærði viðurkennir að hafa slegið frá sér, og ekki er komin fullnaðarsönnun af hans hálfu um, að hann hafi þekkt á milli Jóns Björgvins og kæranda, verður að telja sannað, að hann hafi slegið kæranda höfuðhögg þetta tilgreinda kvöld. Fram kemur í málinu, að kærandi vankaðist talsvert við þetta högg, og bendir það til þess, að það hafi verið veitt af töluverðum krafti. Þeir áverkar, sem kærandi í máli þessu hlaut, eru sennileg afleiðing höggsins, og þar sem ekkert kemur fram í málinu, sem leiðir líkur að því, að kærandi hafi hlotið meiðslin á annan hátt, verður að telja sannað, að nefbrotið sé afleiðing af höggi því, er ákærði veitti kæranda umrædda nótt. Varðandi „skalla“ þá, er kærandi á að hafa veitt ákærða síðar þessa sömu nótt, verður að telja, að ekki sé komin sönnun fyrir því, að kærandi hafi getað hlotið umrædd meiðsl í það skipti. Tvennt mælir hins vegar sterklega gegn því, annars vegar sá hæðarmunur, sem er á kæranda og ákærða. Kærandi er 13 cm hærri, svo að telja verður ósannað, að kærandi hafi skolið með andlitið á ákærða. Hins vegar er sú staðreynd, að ekkert kemur fram um það, að höggið frá skallanum væri nægilega kröftugt til að valda þessum meiðslum. Auk þess kemur fram í framburði ákærða, að hann hafi ekki séð neina áverka á kæranda, eftir að síðari átökunum lauk. Þvert á móti virðist kærandi ekki vankast við það, og svo lítilfjörlegt virðist það vera, að einungis eitt vitni af mörgum að þessum síðari átökum virðist taka eftir „skallanum“. Þá styður það einnig þessa niðurstöðu, að fram hefur komið í framburði vitnisins Jóns Björgvins, að hann fékk vitneskju þegar daginn eftir aðburðinn, að kærandi væri með áverka eftir umrædda nótt.

Að öllu þessu athuguðu er sannað, að ákærði hefur gerst brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 23. október 1973, fæðingarnr. 578.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu ákvæði almennra hegningarlaga með hliðsjón af aldri hans og því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað, hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal

hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Af hálfu kæranda hefur verið lögð fram bótakrafa í málinu á hendur ákærða, að fjárhæð 302.650 kr., sem sundurliðast þannig:

— — —  
 Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar hdl., sem ákveðst 40.000 kr., og 25.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Alexandersson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði Ingvari Jónssyni, Blikabraut 5, Keflavík, kt. 190773-3029, 52.650 kr. í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar hdl., 40.000 kr., og 25.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

---